Íslendingar í Dakota.

Ef þér þurfið að fá peningalán, þá finnið mig að máli og spyrjið um lánskilmála:

7 til 8 procent renta! Enginn aukakostnaður.

Lönd og bújarðir til sölu.

Pall Johannson,
AKKA P. O. N-DAK.

Aðsent.

Herra ritstjóri Heimskringlu.—

Blað yðar sem út kom hinn 30. f.m. skýrir frá því að kosningar í Gimli og Dauphin kjördæmunum fari ekki fram fyr en 14. og 15. þ. m. (Desember). Eftir að hafa gefið það álit að þetta sé möllegt og að líkindum rétt, þá endið þér greinina á eftirfylgjandi hátt:

"En engin áreiðanleg sönnun er fengin fyrir því, að þetta sé annað en svikagildra Liberala."

Hvað snertir Gimli-kjördæmi, þá er það mér að kenna og engum öðrum að kosningum þar var frestað frá þeim 7. þ. m. til hins 14. þ. m. Þér vitið það vafalaust að kosningalög vor Manitobamanna heimila yfirkjörstjóra að fresta kosningu ef honum þykir þess þurfa. Og í þetta skifti var tíminn svo naumur að það var bókstaflega ómögulegt að auglýsa kosningarnar út um jafn stórt og viðáttu mikið kjördæmi og Gimli kjördæmi er, svo að nægilega langur tími liði frá því kosningin var auglýst og þar til tilnefning þingmanns fór fram. Það var þess vegna óhjákvæmilegt að fresta kosningu, og þér hefðuð vafalaust haft margfalt betri ástæðu til að kvarta ef ég hefði látið það ógert, heldur en að ég gerði það.

Dylgjur yðar um það að þetta sé ekkert annað en svikagildra Liberala, snerta mig eingöngu, úr því ég var maðurinn sem frestaði kosningu í Gimli kjördæmi og enginn annar átti þar nokkurn hlut að máli, og í tilefni af því vil ég segja það, að það hjálpar yðurharla lítið í þessum kosningum þó þér beitið slíkum vopnum. Að ég byggi svikagildru fyrir yður eða nokkurn annan mann, trúa víst fáir eða engir sem þekkja mig. Og hver sem verða endalok kosninganna í Gimli-kjördæmi, þá er það eitt víst að ég mun aldrei halla réttri yðar eða nokkurs annars manns, og það ættuð þér sjálfir að vita.

Gimli 7. December 1899

Gunns. Eyjólfsson
yfirir-kjörstjóri.

Ofanritað bréf frá hra. Gunnsteini Eyjólfssyni tökum vér í þetta blað með ánægju. Þegar greinin í blaði voru um kosningafrestinn í Gimli-kjördæmi var rituð, þá vissum vér ekkert um það hver verða muudi yfirkjörstjóri í því kjördæmi, og lötum oss það engu skifta, en hitt vissum vér bæði, eins og vér vitum nú, að ef Greenway hefði ætlast til þess að kosningarnar í Gimli og Dauphin kjördæmunum færu fram samtímis við kosningar í öðrum kjördæmum fylkisins, þá hefði hann að líkindum haft vit á því, að hafa tímabilið frá þingrofi til kosninga svo langt, að mögulegt væri að koma nauðsynlegum auglýsingum út um kjördæmið í tíma fyrir kosningarnar. Það, að hann hafði tímann frá þingrofi til kosninga svo stuttan, að þetta var gert algerlega ómögulegt, sannar sjálfkrafa að hann ætlaðist ekki til að kosningin í Gimli skildi geta farið fram fyr en varð. Hra. Gunnsteinn Eyjólfsson er því í engri sök, hann átti ekki kost á að fara öðruvísi að en hann fór, og vér höfum als enga sök á honum og þessu blaði hefir aldrei komið í hug að kenna honum um þetta. Vér lítum svo á að Mr. Greenway hafði gert sínar kosninga-tilhaganir af ásettu ráði, og bréf hra. G. E. hefir í engu skert þá sannfæring vora. Ritstj.

Viltu borga $5.00 fyrir góðan

Íslenzkan spunarokk?

Ekki líkan þeim sem hér að ofan er sýndur, heldur íslenzkan rokk. Ef svo, þá gerið umboðsmönnum vorum aðvart og vér skulum panta 1000 rokka frá Noregi og senda yður þá og borga sjálfir flutningsgjaldið. Rokkarnir eru gerðir úr hörðum við, að undanteknum hjólhringnum. Þeir eru mjög snotrir og snældan fóðruð innan með blýi, á hinn haganlegasta hátt.

Mustads ullarkambar

eru betri en danskir J. L. kambar af því þeir eru blikklagðir, svo að þeir rifna ekki. Þeir eru gerðir úr grenivið og þessvegna léttari. Þeir eru betri fyrir amerikanska ull hem er grófgerðari en íslenzka ullin. Krefjist því að fá Mustads No. 22, 25, 27 eða 30. Vér sendum yður þá með pósti, eða umboðsmenn vorir. Þeir kosta $1.00.

Stólkambar.

Tilbúnir af Mustads, gröfir eða finir. Kosta $1.25.

Gólfteppa vefjarskeiðar.

Með 8, 9, 10, 11, 12, 13 eða 14 reirum á þumlungnum Kosta hver $2.50.

Spólurokkar.

Betri en nokkur spunarokkur til þess brúks. Kosta hver $2.00.

Phoenix litir.

Þeir eru búnir til í Þýzkalandi, og vér höfum þekt þá í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, og voru þeir í miklu áliti þar. Verzlun vor sendir vörur um allan heim og litirnir hafa verið brúkaðir í síðasti 40 ár. *Vér ábyrgjumst að þessir litir eru góðir.* Það eru 30 litir til að lita ull, léreft, silki eða baðmull. Krefjist að fá Phoenix litina, því íslenzkar litunarreglur eru á hverjum pakka, og þér getið ekki misskilið þær. Litirnir eru seldir hjá öllum undirrituðum kaupmönnum. Kosta 10c. pakkinn eða 3 fyrir 25c. eða sendir með pósti gegn fyrirfram borgun.

Norskur hleypir,

til osta og búðingagerðar o. fl. Tilbúinn úr kálfsiðrum, selt í flöskum á 25c., 45c., 75c. og $1.25.

Norskur smjörlitur,

seldur með sama verði og hleypirinn.

Borthens þorskalýsi.

Þér þekkið vissulega norska þorskalýsið, en þér vitið ekki hversvegna það er kið bezta lýsi. Við strendur Íslands og Noregs vex viss tegund af sjóþangi sem þorskarnir éta, og hefir það þau áhrif á lifur fiskanna, að hún fær í sig viss ákveðin heilbrigðisefni, sem læknar segja hin bezta fituefni sem nokkurntíma hafa þekst. Lýsið er ágætt við öllum lungnasjúkdómum. Það eru ýmsar aðferðir við hreinsun lifrarinnar. Mr. Borthens hreinsunaraðferð er sú bezta sem enn hefir verið uppfundin. Lýsi hans er því hið bezta sem hægt er að fá. Ennfremur ber þess að gæta, að Borthens þorskalýsi er einungis búið til úr lifur úr þeim fiskum, sem veiddir eru í net og eru með fullu fjöri. Sá fiskur sem veiddur er á línu, veikist eins fljótt og öngullinn snertir hann. Þar af leiðir, að lýsi sem brætt er úr lifur úr færafiski, er óholt og veikir en læknar ekki. Krefjist þess vegna að fá Borthens lýsi. Verðið er: ein mörk fyrir $1.00, pelinn 50c. Skrifið oss eða umboðsmönnum vorum og fáið hið bezta og hollasta þorskalýsi.

Heymann Bloch's heilsusalt.

Vel þekt um alla Evrópu og á Íslandi fyrir heilnæm áhrif í öllum magasjúkdómum. Það læknar alla magaveiki og styrkir meltingarfærin. Það hefir meðmæli bezta læknа á Norðurlöndum, og er aðal lækningalyf í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Það er selt hérlendis í ferhyrndum pökkum, með rauðprentuðum neyzlureglum. Verðið er 25c. Sent með pósti ef viðskiptakaupmenn yðar hafa það ekki.

Whale Amber

er önnur framleiðsla Norðurlanda. Það er búið til úr beztu efnum hvalfiskjarins Það mýkir og svertir og gerir vatnshelt og endingargott alt leður, skó, stígvél, aktýgi og hesthófa, og stiður að fágun leðursins með hvaða blanksvertu sem það er fágað. Ein askja af þessu efni verndar leðrið og gerir það margfalt endingarbetra en það annars mundi verða. Það hefir verið notað af fiskimönnum á Norðurlöndum í hundruð ára Ein askja kostar, eftir stærð, 10c., 25c., 50c. og $1.00, hvort heldur fyrir skó eða aktýgi.

Smokine.

Það er efni sem reykir og verndar kjöt af öllum tegundum, fisk og fugla. Það er borið á kjötið eða fiskinn með busta, og eftir eina viku er það orðið reykt og tilbúið til neyzlu. Með því að reykja matvæli á þennan hátt, þarf hvorki að hafa þau nálægt hita, né heldur þar sem flugur eða ormar komast að þeim. Ekki minka þau og innþorna og léttast, eins og þegar reykt er við eld. Þetta efni er heldur ekki nýtt. Það hefir verið notað í Noregi í nokkrar aldir. *Pottflaskan sagir til að reykja 200 pund.* Verðið er 75c. og að auki 25c. fyrir burðargjald. Notkunarreglur fylgja hverri flösku.

Svensk sagarblöð,

3½fet og 4 fet á lengd. Þér hafið eflaust heyrt getið um sænskt stál. Þessi blöð eru búin til úr því og eru samkynja þeim sem brúkuð eru á Íslandi. Grindirnar getið þér sjálfir smíðað, eins og þér gerðuð heima. 3½ löng sagarblöð kosta 75c. og 4 feta $1.00. Send með pósti gegn fyrirframborgun.

Áhöld til bökunar í heimahúsum.

NORSK VÖFLUJÁRN, mótuð í líkingu við 5 hjörtu. Mótin eru sterk, þung og endingargóð. Þau baka jafnaf og góðar vöfflur og kosta $1.25.
NORSK BRAUÐKEFLI, fyrir flatbrauð Kosta 75c.
RÓSAJÁRN. Baka þunnar, fínar og ágætar kökur. Verð 60c.
DANSK EPLASKÍFUJÁRN, notuð einnig á Íslandi. Kosta 50c.
GORDJÁRN. Baka þunnar "wáfers"-kökur, ekki vöflur. Kosta $1.35.
LUMMUJÁRN. Baka eina lummu í einu. Þér eru vafðar upp áður en þær eru bornar á borð og eru ágætar. Kosta $1.25.
SPRUTSJÁRN. Þau eru notuð við ýmsa kökugerð, og til að móta smjör og brjóstsykur og til að troða út langa (Sausage). Þeim fylgja 8 stjörnumót og 1 trekt. Send með pósti. Verð $1.00

Eftirfylgjandi menn selja ofantaldar vörur:

HANS T. ELLENSON,	Miltón,	N.D.
J. B. BUCK,	Edinburgh	"
HANSON & CO.,	"	"
SYVERUD BROS.,	Osnabrock	"
BIDLAKE & KINCHIN,	"	"
GEO. W. MARSHALL,	Crystal	"
ADAMS BROS.,	Cavalier	"
C. A. HOLBROOK & CO.	"	"
S. THORWALDSON,	Akra	"
P. J. SKJÖLD,	Hallson	"
ELIS THORWALDSON,	Mountain	"
OLI GILBERTSON,	Towner	"
THOMAS & OHNSTAD,	Willow City	"
T. R. SHAW,	Pembina	"
THOS. L. PRICE,	"	"
HOLDAHL & FOSS,	Roseau,	Minn.
EN enginn í	Minnecta	"
OLIVER & BYRON,	West Selkirk,	Man.
SIGURDSON BROS.,	Hnausa	"
THORWALDSON & CO.,	Icel. River	"
B. B. OLSON,	Gimli	"
G. THORSTEINSSON,	"	"
GISLI JÓNSSON,	Wild Oak	"
HALLDÓR EYJÓLFSSON,	Saltcoats,	Assa
ÁRNI FRIDRIKSSON,	611 Ross Ave.	Wpg.
TH. THORKELSSON,	439 Ross Ave.	"
TH. GOODMAN,	Ellice Ave.	"
PÉTUR THOMPSON,	Water St.	"
A. HALLONQUIST,	Logan Ave.	"
T. NELSON & CO.,	321 Main St.	"

Biðjið ofanskrifaða menn um þessar vörur, eða ritið beint til aðal-verzlunarstöðvanna

Alfred Anderson & CO.
Western Importers,
1310 Washington Ave. So.
MINNEAPOLIS, MINN.

Eða til.....

Gunnars Sveinssonar,
Umboðsmanns fyrir Canada.
195 Princess Str., Winnipeg, Man.

Helborn hitunarvel



Er sú bezta viðarbrennslavél sem til er

Clare Brothers & CO.

Eldstór, hitunarvélar og hitaleiðarar

180 Market St. Winnipeg

Ódýrasti staðurinn í bænum.

Woodbine Restaurant

Stærsta Billiard Hall í Norð vestrlandinu.

Fjögur "Pool"-borð og tvö "Billiard"-borð. Allskonar vín og vindlar.

Lennon & Hebb,
Eigendur.

THE CRITERION.

Bezta vín og vindlar. Stærsttog bezta Billiard Hall í bænum. Borðstofa uppi á loftinu.

John Wilkes,
eigandi.

Ef þið viljið fá góð og ódýr

— VINFONG —

Þá kaupið þau að **620 Main Str.**

Besta Onturio berjavín á $1.25 gallónan Allar mögulegar tegundir af vindlum, reyktóbaki og reykpípum. Verðið mismunandi eftir gæðum, en alt ódýrt.

Beliveau & Co.

Corner Main og Logan St.

OLI SIMONSON

MÆLIR MEÐ SÍNU NÝJA

Skandinavian Hotel.

718 Main Str

Fæði $1.00 á dag.

Northern Pacific R'y

Samadags tímatafla frá Winnipeg.

MAIN LINE:

Morris, Emerson, St. Paul, Chicago, Toronto, Montreal, Spokane, Tacoma, Victoria, San Francisco.....
Fer daglega.....1,45 p. m.
Kemur „ .....1,05 p. m.

PORTAGE BRANCH.

Portage la Prairie and intermediats points .....
Fer dagl. nema á sunnud. 4,20 p. m.
Kemur dl. „ „ „ 10,35 a. m.

MORRIS BRANDOF BRANCH.

Morris, Roland, Miame, Baldr, Belmont, Wawanesa, Brandon einnig Souris River Branch, Belmont til Elgin.....
Lv. Mon., Wed., Fri.....10,40 a.m.
Ar. Tues. Tur., Sat.....4.40 p.m.

CHAS. S. FEE, P. & T. A. St Paul.
H. SWINFORD, Agen. Depot Building, Water St.

PALACE CLOTHING STORE

450 Main Street.

Vér höfum fengið stórmiklar byrgðir af vetrarfatnaði, svo sem

YFIRTREYJUM,
ULLAR-NÆRFATNAÐI,
OG DÚKSKYRTUM,

sem vér seljum með ótrúlega lágu verði. Búðin er troðfull af allskonar karlmannsfatnaði og yfirhöfnum, og bjóðum vér Íslendingum að koma og skoða þet a alt.

Hr. Kristjánsson Kristjánsson vinnur í búðinni og lætur sér ant um að leiðbeina yður.

PALACE CLOTHING STORE,
450 Main Street.

The Great West Life

Assurance Company.

Aðalskrifstofa í Winnipeg, Manitoba.

Uppborgaður höfuðstóll	$100,000.00
Varasjóður	$428,465.55

The Great West Life félagið selur lífsábyrgðir með öllum nýustu og beztu hlunnindum sem fylgt geta lífsábyrgðum. Og þar eð þetta félag hefir aðalskrifstofur sínar hér, og ávaxtar alt fé sitt hér í Vesturlandinu, þar sem háar rentur eru borgaðar, þá getur það aflað meiri inntekta fyrir félagsmenn sína heldur en nokkurt austurfylkja félag getur gert.

The
Great West Life Assurance Co.

E. J. Bawlf

hefir tvær búðir og selur hveiti og gripafóður. — Önnur búðin er 195 Princess Str., gagnvart Ross Avenue. Telefón þangað 719. Hin búðin er að 131 Higgin St. Telefón þangað 699. Allskonar hveitimjöl og fóðurbætir selt í heildsölu og smásölu og eins ódýrt og nokkurstaðar borginni.

E. J. BAWLF,
95 Princess Street.

Hvitast og bezt
—ER—
Ogilvie's Miel.
Ekkert betra jezt.

Við vissum, að hér var um líf að tefla á móti heilum skara af norðvörgum. Okkur var það fullljóst, að undir eins og þeir yrðu varir við að við værum strokknir yrði öll sjóvarströnd in með fram Ceuta kvik af varðmönnum. Við vissum að hver einasti báður eða skip yrði nákvæmlega rannsakað, og að okkur yrði veitt hin bráðasta eftirför.

Carlos tók nú við árinni af Lallana, því hónum var betur treystandi til þess en okkur, að haga seglinu sem hagkvæmast og stýra förinni. Og strax er við vorum komnir út úr víkinni, fylti byrinn seglið, svo að báturinn skreið áfram hraðfara, og hoppaði og skoppaði frá einum öldubrotinu til annars.

Við vissum líka að var að eins eitt af tvennu mögulegt. Eitt af þvi var klukkustund í yrðum við annaðhvort komnir í óhult fylsni, sem einungis Lallana þekti, eða að öðrum kosti að við lægjum dauðir, með spanska hyssukúlu í líkamanum, annaðhvort í baki eða á botni Miðjarðarhafsins. Því við vorum sannfærðir um það, að við skyldum aldrei aftur íata flýtjandi okkur lifandi til baka til El Hacho.

Við létum svo bráðlega úr augsýn strönd ina sem við fórum frá, og stýrðum til Algiers.

Við töluðum ekki orð hver til annars, nema þegar nauðsyn krafði. Við hugsuðum ekki um annað, en að komast áfram svo hratt sem auðið var og svo hávaðalítið sem frekast var unt. Og við teygðum fram höfuðin og stirðum út í myrkrið, bæði framundan og fyrir aftan okkur, til að

hafa gætur á því, hvort okkur væri þegar veitt eftirför.

Skotin úr fallbyssukjöftunum á virkisveggnum drundu nú í sífellu.

Það var enginn efi á því, að af öllum tíðnunum í Ceuta reið þeim langmest á að ég kæmist ekki undan. Þeir vissu það vel, að það hafði verið framið ofbeldisverk á mér, sem var bygt eingöngu á lygum og svikum. Og þorpararnir voru valdir að því, voru ekki óhultir fyrir afleiðingunum, fyr en ég væri dauður. Því þegar ég væri orðinn frjáls og kominn þangað sem ég gæti sagt sögu mína hervaldi Bandaríkjanna, þá mundi verða krafist hefndá eða bóta fyrir þessa svívirðing.

Yfirvöldunum á Ceuta var vel kunnugt um alt þetta, og því var enginn efi á því, að þeir mundu gera sitt ítrasta til að ná mér aftur, dauðum eða lifandi.

Ég átti því von á því á hverri stundu, að fallbyssubátur kæmi brunandi á eftir okkur.

En Cabezas og Lallana höfðu vissulega lagt saman ráð sin um flóttann vel og gætilega, því það var ekki fyr en komið var fram á nótt, að við urðum varir við eftirförina. Við vorum þá búnir að fara langan veg, en Lallana einn vissi hvar við vorum staddir. Við sáum ekkert út frá okkur fyrir náttmyrkrinu.

"Alt í einu skaut skinandi ljósglampa yfir okkur, svo að náttmyrkrið varð alt í einu eins og skinandi bjartur dagur.

"Njósnarljósið!" hrópaði Lallana. "Þeir hafa séð okkur".

trúa öllum ofbeldisverkum á yður. Þer eruð stórauðugur maður, Sénor, því annars munduð þér ekki geta goldið stór fé fyrir frelsi yðar." Ég vil því hafa eitthvað fyrir mína fyrirhöfn. Og þér verðið að borga mér nú þegar, eða að öðrum kosti að fara aftur í fangelsið á El Hacho. Hvað segið þér um þetta?"

Ég kom ekki upp orði til svars fyrst í stað. Því ég var alveg forviða á hve þessi erkifantur gat verið ósvífinn, að bíða þar til við vorum komnir í slíka voða hættu, til að geta kreist út úr mér peninga. Ég hefði ef til vill getað stokkið á hann og hent honum fyrir borð í bræði minni, þrátt fyrir skammbyssuna, sem hann hélt á. En með því hefði ég verðeins stofnað okkur í nýja hættu: því ég hefði þá drepið þann mann, sem einn gat vísað okkur á óhultan felustað.

"Þú argi mannhundur!" varð mér að orði. "Ég lofaði Cabezas að ég skyldi borga þér".

"Borgið mér nú þegar", svaraði hann með mestu rólemi.

"Og með hvorju ætti ég að borga þér, þinn heimskingjaþjóli? Dettur þér í hug að maður sem hefir komist í klærnar á þínum líkum, hefir nokkuð eftir til þess að borga öðrum þrælmennum af sama tagi? Ég hefi ekki einskilding á mér. Cabezas gerði mig ánægðan með loforð mitt. Ég skal lofa þér því, að þér skal verða vel borgað. Mig munar ekkert um þótt ég borgi þér rikmannlega, og ég skal gera það.

Hvað græðir þú á því að koma okkur á vald Spánverja aftur? Að öllum líkindum verður þú

Hjarta mitt barðist ákaft af geðshræring. Ég leit á Carlos. Það varð ekki annað séð, en að hann væri kaldur og rólegur, eins og ekkert væri um að vera. En það máttí sjá á Cabezas, að honum bjó mikið niðri fyrir; hann var náfölur í andliti.

Við Carlos þössuðum okkur að verða síðastir í röðinni. Varðmannaforingjarnir grenjuðu skipanir sínar, og í öllu því fáti og óðagoti gat Cabezas auðveldlega raðað niður hermönnunum rétt eftir vild.

Svo var gefin skipun um að halda af stað, og hélt nú fangaröðin af stað að járnhliðinu. Ég sá þegar að varðmennirnir voru ekki sérlega árvakrir. Spanskir varðmenn eru aldrei trúverðugir, og svo var nú kominn kvöldverðartími.

Ég hnipti í Carlos rétt í því, er við komum að allstórri grjóthrúgu, sem átti að aka í burtu til bygginga næsta dag. Við fleygðum okkur þar flötum niður á bak við grjóthrúguna. En fangavörðurinn hélt áfram að hliðinu, og var Cabezas aftastur, náfölur af ótta.

Við mæltum ekki orð af vörum og þorðum varla að draga andann. Eftir nokkrar mínútur gengdust við upp, og voru þá hinir síðustu í röðinni rétt, að fara inn fyrir hliðið, Svo var því skelt aftur.

Öll virkishlið í Ceuta voru nú lokuð. Varðmennirnir á virkisveggjunum gáfu sér ætíð lausan taum um þetta leyti dags og sátu við spil og drykkju. Nú, eða aldrei var því komin okkar lausnarstund.

"Kondu!" hvislaði ég að Carlos.